

Ed.

83. Nefndarálit

um till. til þál. um verðlag á mjólk.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessarar þáltill. Meiri hl. nefndarinnar (PZ, ÞP) vill vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar. Ég get ekki fallizt á þessa afgreiðslu málsins.

Ég tel, að árangur af mjólkurverðhækkuninni verði neikvæður sem hagsbótaatriði fyrir mjólkurframleiðendur, og mjólkurverðlagsnefnd hafi því farið skakka leið í þessu máli. Þá má einnig á það benda, að nefnd sú, sem ákveðið hefir verðhækkunina, er skipuð samkvæmt mjólkurlögum frá seinasta þingi, sem samþykkt voru af sumum þingmönnum í því trausti, að sú breyting, sem gerð var á lögnum, myndi engin áhrif hafa til hækkunar á útsöluverði neytlumjólkur. Tel ég því rétt, að skoðun þingsins á því, hvort mjólkurverðlagsnefnd hafi stefnt í rétta átt, komi greinilega fram.

Aðrir liðir tillögunnar, svo og viðbótartillaga á þskj. 28, miða í þá átt að rannsaka um lækkun framleiðslukostnaðar og aukningu mjólkurneyzlu. Er hér um að ræða stórfelld hagsmunaaatriði, ekki einungis fyrir mjólkurneytendur, heldur einnig og ekki síður fyrir framleiðendur, og er því sjálfsagt að samþykkja slíkt.

Ég tel ekki fært vegna öryggis í mjólkurmálum Reykjavíkur og Hafnarfjarðar að taka þau lönd, sem nú eru notuð til mjólkurframleiðslu, til annars og eiga mjólkurþörf þessara bæja undir framleiðslu fjarlægra sveita, sem samgöngur geta hæglega fallið niður við um lengri tíma yfir vetrarmánuðina. Ég legg því til, að þáltill. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 2. Orðin „og hvaða tegund framleiðslu hentar best á þessu svæði“ falli burt.

Alþingi, 12. marz 1938.

Erl. Þorsteinsson,
fundaskr.